



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 14. ágúst 2023
MÍ202307-0022/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 - breyting efnisnáma Kiðueyri

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið umsagnarbeiðni sveitarfélagsins Múlaþings frá 3. júlí 2023 í gegnum Skipulagsgátt (mál nr. 336/2023). Þar er óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um sameiginlega skipulags- og matslýsingu auk vinnslutillögu um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna efnisnámu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða. Hægt var að hala niður breytingartillögunni, dags. 19. júní 2023.

Landeigendur Ketilsstaða á Völlum vilja mæta vaxandi þörf fyrir malarefni með því að vinna efni úr Kiðueyri í Grímsá, norðan Urriðalæks. Fyrirhugað námusvæði er staðsett um 850m frá Ketilsstöðum. Efni hefur verið tekið áður á þessum stað í smáum stíl og hægt er að komast að svæðinu eftir vegslóða sem þegar er fyrir hendi.

Heildarflatarmál fyrirhugaðrar efnitöku- og haugsvæðis er 22.000m². Áætlað er að efnistaka verði unnin á næstu 3 árum og að þaðan verði teknir um 8000m³ á ári. Meðaldýpt efnistökkunnar er áætluð um 2m. Stærð vinnslusvæðisins er ákvörðuð með það að markmiði að vinna efni úr hæfilega stóru svæði í einu og að ljúka vinnslu og frágangi á hverjum hluta námunnar áður en ráðist er í næsta hluta hennar. Gert er ráð fyrir haugsetningu efnis í flestum tilvikum. Reynt verður að staðsetja hauga þar sem minnst er hætt á að fok úr haugum valdi óþægindum eða neikvæðum áhrifum.

Breyting á aðalskipulag felur í sér að sveitarfélagsupprætti B er breytt þannig að við bætist hringtákn í flokki efnistökusvæða með auðkennið E172. Í greinargerð bætist lína við töflu í kafla 9.10 þar sem fjallað er um námuna.

Í greinargerð breytingartillögunar segir að engin sérstök ákvæði um náttúru- eða menningarminjar gildi um reitinn en engar náttúru- né menningarminjar séu að finna innan svæðisins. Vakin er þó athygli á ákvæði laga um menningarminjar um að stöðva framkvæmdir ef minjar koma í ljós.

**Puríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Minjastofnun veitti umsögn um framkvæmdarleyfi efnistöku við Kiðueyri með bréfi, dags. 8. maí 2023. Í tengslum við það kynnti minjavörður sér fyrirbyggjandi svæði og heimildir til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Eins og þar kom fram og í greinargerðinni með breytingartillögum að þá hefur efnistaka áður farið fram á svæðinu en um sé að ræða efnistöku á áreyrum Grímsár. Stofnunin gerði ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku þar sem engar þekktar menningarminjar væru innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Stofnunin vill þó vekja athygli á því eins og í framkvæmdarleyfisumsögn sinni að það er mikilvægt að halda framkvæmdum innan þess svæðis sem kynnt hefur verið en fornleifar kunna að leynast utan þess.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands